



Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu

goAML

Skráningarleiðbeiningar





Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu - goAML gátt

Tilkynningar um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka

INNKRÁNING >

Skráning

Til þess að fá aðgang að goAML tilkynningarkerfinu þá þarf fyrst að skrá tilkynningarskylda aðila (RE) eða hagsmunaaðila (SH).

Það er gert með að velja "Skráning" að neðan.

Vinsamlegast sendið tölvupóst á pt@hersak.is við nýskráningu tilkynningarskylds aðila eða hagsmunaaðila.

Að loknu skráningarferli og samþykkt umsóknar er hægt að nota auðkennið sem var valið til innskráningar.

Skráning

Aðstoð

Vinsamlegast hafið samband við Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu með því að senda [tölvupóst](#) eða hringja í síma 444-0200.

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu

Fyrir meiri upplýsingar um varnir gegn peningaþvætti og leiðbeiningar varðandi goAML tilkynningarkerfið vinsamlegast smellið [hér](#).

Hægt er að skipta á milli ensku og íslensku í vefviðmóti með því að smella á fána í efra hægra horni. Einungis sá hluti vefviðmótsins er snýr að gerð tilkynninga hefur verið þýddur alfarið á íslensku.

Almennt er ekki gert ráð fyrir því að einstaklingar sendi inn tilkynningar í goAML, þó að slíkt sé hægt, heldur mun frekar að notendur séu tengdir tilkynningarskyldum aðila.

Þeir einstaklingar sem telja sig þurfa að koma tilkynningu á framfæri er bent á að hafa samband við Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (SFL) áður en sótt um aðgang.

Hægt er að skrá tilkynningarskylda aðila (RE) eða hagaðila (SH).

Vinsamlegast ekki skrá hagaðila án samráðs við SFL

Týnt lykilorð



Ef lykilorð gleymist er hægt að óska eftir endurstillingu þess á innskráningarsíðu, er þá sendur hlekkur sendur á skráð netfang notanda.

Stjórnandi tilkynningarskylds aðila getur sömuleiðis gert þetta fyrir sína notendur.

Tímabundnu lykilorði þarf að breyta við innskráningu.

Please sign in with your username and password.
If you do not have a username and password you have to register before logging in.

LOGIN >>

Register a new Organisation



Forgot Password

Close



Skráning í goAML

Þegar er valið að skrá sig koma neðangreindir valmöguleikar

Skráning tilkynningarskylds aðila (RE) eða hagaðila (SH)



Skrá notanda



Farið er nánar yfir mismunandi skráningarmöguleika hér í framhaldinu.

Skráning tilkynningarskylds aðila / hagaðila

Við skráningu á tilkynningarskyldum aðila eða hagaðila er einnig gerð krafa um að skráður sé einn notandi sem fær stjórnunarréttindi (**Admin**) í goAML.

Þessi notandi hefur því meiri skyldur og stjórnar m.a. notendamálum tilkynningarskylds aðila í goAML.

Farið er nánar yfir hlutverk stjórnanda í vefleiðbeiningum til tilkynningarskyldra aðila.

Gerð tilkynningarskylds aðila / hagaðila þarf að velja fyrst af fellilista. Vinsamlegast hafið samband við SFL ef óljóst er hvað ætti að velja.

Tilkynningarskyldur aðili – Þeir aðilar sem hafa lagaskyldu til að tilkynna um ætlað peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka til SFL.

Þeir aðilar sem hafa ekki slíka lagaskyldu (og eru ekki hagaðilar) en þurfa að koma á framfæri tilkynningu til SFL mundu nota einstaklings skráningarformið en eingöngu í samráði við SFL.

Hagaðili – Ýmsir innlendir opinberir aðilar s.s. lögregla.

Við skráningu tilkynningarskylds aðila / hagaðila þá þarf að skrá samhliða upplýsingar um tvo einstaklinga sem tengjast umræddri skráningu :

- **Tengiliður** – Fyrir tilkynningarskyldan aðila þá ætti þetta að vera regluvörður eða ábyrgðarmaður þessa málaflokks. Fyrir hagaðila þá væri þetta almennur tengiliður.
- **Stjórnandi** – Þessi einstaklingur mun hafa ýmsar skyldur gagnvart öðrum notendum tilkynningarskylds aðila / hagaðila eins og vegna notendamála.

Eftir að valið hefur verið að skrá tilkynningarskyldan aðila / hagaðila opnast skráningarform, farið er á milli mismunandi hluta skráningarformsins með því að nota valmyndina vinstra megin í viðmóttinu.

1. Tilkynningarskyldur aðili
2. Stjórnandi (Admin)
3. Viðhengi
4. Forskoðun og senda

1. Tilkynningarskyldur aðili / Hagaðili

Þeir reitir sem eru **rauðmerktir** eru áskildir og þarf að fylla út.

Gerð – Valið úr fellilista, hafið samband við SFL ef það er óljóst hvaða gerð ætti að velja.

Nafn – Skýrir sig sjálf.

Tölvupóstfang – Það er mikilvægt hvaða netfang er skráð hér af neðangreindum ástæðum.

Þetta er eina netfangið sem fær senda tilkynningu þegar skilaboð bíða í goAML (MessageBoard eða MB).

Þegar tilkynning er samþykkt eða hafnað af hálfu SFL þá eru skilaboð send þess efnis í skilaboðahluta goAML (MB) en ekki til viðkomandi notanda í skráð tölvupóstfang. Með þetta í huga þá er vitlegt að skrá hópnetfang sem fleiri en einn aðili hefur aðgang að.

Er fjármálastofnun? – Ef tilkynningarskyldur aðili er með skráðan SWIFT/BIC kóða þá skal merkja við þetta og skrá SWIFT/BIC kóða sem verður þá áskilinn til útfyllingar.

Kennitala / Skráningarnúmer – Skýrir sig sjálf.

Tengiliður – Fyrir tilkynningarskyldan aðila þá ætti þetta að vera regluvörður eða ábyrgðarmaður þessa málaflökks. Fyrir hagaðila þá væri þetta almennur tengiliður.

Heimilisfang – Skýrir sig sjálf.

2. Stjórnandi (Admin)

Reitirnir sem þarf að fylla út skýra sig almennt út sjálfir.

Lykilorð þarf að lágmarki að vera 8 stafir.

Vegna skráningar á símanúmerum er óskað eftir því að beinir símar séu skráðir (borðsími/farsími) en ekki skiptiborð.

Tilkynningarskyldur aðili (RE) / Hagaðili (SH)

Nr. Tilkynningarskylds aðila (RE) / Hagaðila (SH) nafn að skrá:	Notendanafn nafn að skrá:	Lykilorð nafn að skrá:	Staðfesta lykilorð nafn að skrá:
Titill	Fornafn nafn að skrá:	Eftirnafn nafn að skrá:	Tölvupóstfang nafn að skrá:
Kyn	Fæðingardagur d.M.yyyy	Kennitala	Þjófsemi
Starf	Nr. skrákeris	Númer skrákeris	Land
+ Heimilisfang			
+ Sími*			
	Sími #1		
	Gæð nafn að skrá:	Símanúmer nafn að skrá:	Landnúmer
	þenging	Athugasemd	Símanúmer nafn að skrá:

3. Viðhengi

Ef það er nauðsynlegt að setja aðrar upplýsingar með þá er hægt að gera það hér.

4. Forskoðun og senda

Þegar búið er að fylla allt út á fyrri stigum ætti allt í valmyndinni að vera orðið grænt og þar með forskoða skráningarupplýsingar, fylla inn CAPTCHA kóða, og senda inn umsókn.

Skilaboð munu birtast á skjáin ef tókst að senda umsóknina.

Staðfesting verður send í tölvupósti á uppgið netfang til staðfestingar.

Skrá notanda hjá tilkynningarskyldum aðila / hagaðila

Hérna er bætt við notendum hjá tilkynningarskyldum aðila / hagaðila sem þegar er búið að skrá.

Vinstra megin á síðunni er valmynd þar sem er farið á milli mismunandi hluta eyðublaðsins.

1. Tilkynningarskyldur aðili / H...
2. Viðhengi
3. Forskoðun og senda

1. Tilkynningarskyldur aðili / Hagaðili

Peir reitir sem eru **rauðmerktir** eru áskildir og þarf að fylla út.

Tilkynningarskyldur aðili / Hagaðili

* Númer Tilkynningarskylds aðila (RE) / Hagaðila (SH) þarf að skrá	* Notendanafn þarf að skrá	* Lykilorð þarf að skrá	* Staðsetta lykilorð þarf að skrá
Töð	* Fornsafn þarf að skrá	* Eftirnafn þarf að skrá	* Töluþáttfang þarf að skrá
Kyn	Fæðingardagur d.M.yyyy	Kennitala	Þjófsemi
Starf	Nr. skráris	Númer skráris	Land

+ Heimilisfang

+ Sími*

* Sími #1	* Símanúmer þarf að skrá	Landsnúmer	* Símanúmer þarf að skrá
Tenging			
Athugasemd			

Til þess að umsókn berist á réttan stað þá þarf að hafa skráningarnúmer tilkynningarskylds aðila / hagaðila og er það skráð efst til vinstri á eyðublaðinu.

Stjórnandi tilkynningarskylds aðila / hagaðila getur veitt upplýsingar um skráningarnúmerið.

Reitirnir sem þarf að fylla út skýra sig almennt út sjálfir.

Lykilorð þarf að lágmarki að vera 8 stafir.

Vegna skráningar á símanúmerum er óskað eftir því að beinir símar séu skráðir (borðsími/farsími) en ekki skiptiborð.

2. Viðhengi

Ef það er nauðsynlegt að setja aðrar upplýsingar með þá er hægt að gera það hér.

3. Forskoðun og senda

Þegar búið er að fylla allt út á fyrri stigum ætti allt í valmyndinni að vera orðið grænt og þar með forskoða skráningarupplýsingar, fylla inn CAPTCHA kóða, og senda inn umsókn.

Skilaboð munu birtast á skjáin ef tókst að senda umsóknina.

Staðfesting verður send í tölvupósti á uppgengið netfang til staðfestingar.

Skrá einstaklingsnotanda

Það á ekki að sækja um einstaklingsaðgang án þess að ræða fyrst við SFL.

Ástæða er sú að þetta er ekki endilega heppilegasta lausnin í öllum tilvikum og þarf að meta það.

Ef einstaklingur vill skrá sig og senda inn tilkynningu þá er hægt að sækja um svona aðgang sem er þá ekki tengdur við tilkynningarskyldan aðila eða hagaðila.

Sama á við um lögaðila sem vill skrá sig og senda inn tilkynningu en tilheyrir ekki þeim flokkum sem eru í boði við skráningu tilkynningarskyldra aðila.

Vinstra megin á síðunni er valmynd þar sem er farið á milli mismunandi hluta eyðublaðsins

1. Einstaklingur
2. Viðhengi
3. Forskoðun og senda

1. Tilkynningarskyldur aðili / Hagaðili

Þeir reitir sem eru **rauðmerktir** eru áskildir og þarf að fylla út.

Einstaklingur			
* Notendanafn þarf að skrá:	* Lykilorð þarf að skrá:	* Staflæsta lykilorð þarf að skrá:	Tíðir
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
* Fornafn þarf að skrá:	* Eftirnafn þarf að skrá:	* Töluþóttfang þarf að skrá:	Kyn
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Fæðingardagur	Kennitala	Þjóðerni	Starf
d.M.yyyy	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Nr. skírtilis	Númer skírtilis	Land	
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	
+ Heimilisfang			
+ Sími*			
Sími #1			
* Gæð þarf að skrá:	* Bónabur þarf að skrá:	Landsnúmer	* Símanúmer þarf að skrá:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Tenging			
<input type="text"/>			
Afhugasetnd			
<input type="text"/>			

Reitirnir sem þarf að fylla út skýra sig almennt út sjálfir.

Lykilorð þarf að lágmarki að vera 8 stafir.

Vegna skráningar á símanúmerum er óskað eftir því að beinir símar séu skráðir (borðsími/farsími) en ekki skiptiborð.

2. Viðhengi

Ef það er nauðsynlegt að setja aðrar upplýsingar með þá er hægt að gera það hér.

3. Forskoðun og senda

Þegar búið er að fylla allt út á fyrri stigum ætti allt í valmyndinni að vera orðið grænt og þar með forskoða skráningarupplýsingar, fylla inn CAPTCHA kóða, og senda inn umsókn.

Skilaboð munu birtast á skjáin ef tókst að senda umsóknina.

Staðfesting verður send í tölvupósti á uppgafið netfang til staðfestingar.